

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Vatnsgjald fyrir vatnsveitur í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss skal vera 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir annað húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur, samkvæmt 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, skal vera 6,82 krónur fyrir hvern mældan rúmmetra.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 11. gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar.

Árleg leiga fyrir mæli skal vera:

Sverleiki í mm	kr.
20-50 mm	4.750
50-100 mm	12.206
100 mm og yfir	24.412

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar samkvæmt heimild í lögum nr. 32/2004. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Sveitarfélagsins Ölfuss.

Gjaldskrá fyrir heimæðar er eftirfarandi:

Fastagjald er samkvæmt 20. gr. samþykktar um gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Ölfusi nr. 503 frá 28. maí 2004.

Til viðbótar fastagjaldi skal greitt gjald pr./metra sem er eftirfarandi:

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	110 mm
Kr. pr. / metra	854	854	854	1.567	1.567	1.567	1.567

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 110 mm er reiknað sérstaklega út hjá tæknideild Sveitarfélagsins Ölfuss og skal miðast við útlagðan kostnað við verkið.

Ef sótt er um að setja upp byggingarvatnskrana um leið og sótt er um heimæð, er gjaldið fyrir byggingarvatnskrana kr. 8.966. Ef sótt er eingöngu um byggingarvatnskrana fyrir tengingu heimæðar greiðist kr. 14.640.

5. gr.

Aðilar sem hafa aðgang að vatni gegnum borholu í landi Sveitarfélagsins Ölfuss, sem er utan vatnstökusvæðis vatnsveitna Sveitarfélagsins Ölfuss, skulu greiða gjald fyrir afnot og

aðgang að vatni úr iðrum eignarlands sveitarfélagsins. Gjaldið fyrir íbúðarhúsnæði skal vera 0,15 hundraðshlutar af fasteignamati fyrir annað húsnæði kr. 6,82 krónur fyrir hvern mældan rúmmetra.

6. gr.

Gjaldskráin miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2006, 355,2 stig og tekur breytingum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar um hver áramót.

7. gr.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, með síðari breytingum. Samhliða fellur úr gildi samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss frá 24. nóvember 2005 um gjaldskrá fyrir vatnsveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi, nr. 1170/2005.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, 30. nóvember 2006.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007